

8. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn föstudaginn 14.október 2022, kl.17:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Delphine Briois Kjörvogi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Staðan varðandi lagningu ljósleiðara og þrífösunar, staða mála kynnt. Kaupsamningur milli Árneshrepps og Neyðarlínunnar/Öryggisfjarskipta ehf v. kaupa á 6 fíberum. Sýnishorn af gjaldskrá og reglum f. Ljósl.Árneshr.yfirfarið af Jóni Jónssyni.
2. Bréf frá Kvennaathvarfinu, beiðni um styrk.
3. Fundarherferð á vegum Innviðaráðuneytis, fundur fyrir NV-kjördæmi haldinn á Teams 20.október n.k. kl. 15:00 – 17:00.
4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða, lögð fram til kynningar.
5. Bréf um skipan starfshóps um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vestfjörðum. Velja fulltrúa frá Árneshreppi.
6. Stjórnarfundur Sorpsamlags Strandasýslu, fundargerð lögð fram til kynningar og umræðu.
7. Skógræktarfélag Íslands, áskorun á sveitarfélög samþykkt á aðalfundi félagsins. Lögð fram til kynningar.
8. Bréf frá Félagi atvinnurekenda og fleirum, óskað eftir að áskorun þeirra verði tekin fyrir á fundi hreppsnefndar.
9. Fyrirspurn frá Skipulagsstofnun um hvort vænta megi endurskoðunar á aðalskipulagi Árneshrepps. Ákvörðun þarf að liggja fyrir innan 12 mánaða frá kosningum.
10. Þjóðskrá, breyting á skráningu fasteigna, lagt fram til kynningar.

1. Staðan varðandi lagningu ljósleiðara og þrífösunar, staða mála kynnt. Kaupsamningur milli Árneshrepps og Neyðarlínunnar/Öryggisfjarskipta ehf v. kaupa á 6 fíberum. Sýnishorn af gjaldskrá og reglum f. Ljósl.Árneshr.yfirfarið af Jóni Jónssyni. Farið var yfir stöðu mála, ákveðið að útbúa gjaldskrá og reglur í samræmi við drög að gjaldskrá sem lögð var fram, einnig varðandi samning um kaup á fíberum úr streng á Gjögri. Oddvita var falið að skrifa Orkubúi Vestfjarða og þakka fyrir gott samstarf á þessu ári og óska eftir áframhaldandi góðu samstarfi á því næsta.
2. Bréf frá Kvennaathvarfinu, beiðni um styrk. Ákveðið var að veita styrk að upphæð kr. 50.000,-
3. Fundarherferð á vegum Innviðaráðuneytis, fundur fyrir NV-kjördæmi haldinn á Teams 24.október n.k. kl. 15:00 – 17:00. Ákveðið var að hreppsnefndarmenn reyndu sem flestir að taka þátt í þessum fundi. Einnig skal vekja athygli íbúa Árneshrepps á þessum fundi þar sem hann er opinn öllum.

4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða, lögð fram til kynningar. Engar athugasemdir komu fram.
5. Bréf um skipan starfshóps um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vestfjörðum. Velja fulltrúa frá Árneshreppi. Delphine Briois var beðin um að taka þátt í starfshópnum.
6. Stjórnarfundur Sorpsamlags Strandasýslu, fundargerð lögð fram til kynningar og umræðu. Ýmislegt mætti betur fara og hreppsnefnd telur að brýna þurfi íbúa og aðra að vanda sig betur með hvernig gámarnir eru notaðir.
7. Skógræktarfélag Íslands, áskorun á sveitarfélög samþykkt á aðalfundi félagsins. Lögð fram til kynningar.
8. Bréf frá Félagi atvinnurekenda og fleirum, óskað eftir að áskorun þeirra verði tekin fyrir á fundi hreppsnefndar. Áskorun FA verður tekin til nánari skoðunar.
9. Fyrirspurn frá Skipulagsstofnun um hvort vænta megi endurskoðunar á aðalskipulagi Árneshrepps. Ákvörðun þarf að liggja fyrir innan 12 mánaða frá kosningum. Hreppsnefnd ákvað að full þörf væri á að endurskoða aðalskipulag Árneshrepps sem er frá árinu 2013. Oddviti mun tilkynna það til Skipulagsstofnunar fyrir 1.nóvember næstkomandi.
10. Þjóðskrá, breyting á skráningu fasteigna, lagt fram til kynningar. Enn hefur ekki tekist alveg að hverfa til eldri nafna á húsum í Norðurfirði, oddviti mun hafa samband við byggingarfulltrúa vegna þeirra atriða sem ekki er í lagi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:40.